

AUGLÝSING

um verndarsvæði á Reykjanesskaga – háhiti Brennisteinsfjallasvæðis í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunar nr. 13/141 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa háhitasvæði Brennisteinsfjalla: 68 Brennisteinsfjöll í Grindavíkurbæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Sveitarfélaginu Ölfusi gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 123 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda háhitasvæði Brennisteinsfjalla: 68 Brennisteinsfjöll gegn orkuvinnslu, sbr. 1. gr.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I, sem birtur er með auglýsingu þessari.

Afmörkun jarðhita er dregin eftir útbreiðslu háhita samkvæmt viðnámsmælingum og yfir gíga og nýlega eldvirkni í nálægu landslagi.

4. gr.

Mannvirkjagerð og orkurannsóknir.

Orkuvinnsla varmaafls með uppsett varmaafll 50 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar jarðvarma með uppsett varmaafll 50 MW eða meira. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

Viðurlög.

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

6. gr.

Gildistaka.


Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 25. apríl 2020.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I
Kort af svæðinu.



0 1 2 3 4 5 Km	Friðlýst gegn orkuvinnslu	Bundið slitlag	Flatarmát: 123 km²
	Háviðnámskjarni	Óbundið slitlag	Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
Friðlýst svæði	Slóði	Hnattstaða: ISN93	Kortagerð: Guðni Hannesson LMI
Sveitarfélagamörk	210 Vegnúmer	Dags: 31.03.2020	© Landmælingar Íslands

Hnitaskrá-ISBN93.

Brennisteinsfjöll - hnit			Brennisteinsfjöll - hnit		
<i>Punktur</i>	X	Y	<i>Punktur</i>	X	Y
1	363582	378544	36	365176	391307
2	362886	378600	37	366123	391001
3	362138	378764	38	366896	390598
4	361449	379019	39	367373	390263
5	360800	379364	40	367721	389977
6	360219	379776	41	368135	389569
7	359707	380254	42	368431	389233
8	359170	380864	43	368663	388920
9	358712	381490	44	369022	388348
10	358338	382154	45	369233	387930
11	358057	382812	46	369438	387433
12	357956	383115	47	369565	387059
13	357852	383510	48	369719	386502
14	357745	384108	49	369788	386142
15	357709	384532	50	369842	385723
16	357694	384949	51	369870	385403
17	357731	385689	52	369876	385081
18	357786	386077	53	369859	384725
19	357862	386445	54	369831	384465
20	358060	387176	55	369771	384034
21	358278	387755	56	369709	383722
22	358441	388107	57	369491	382972
23	358722	388613	58	369297	382486
24	358979	389000	59	368949	381796
25	359319	389419	60	368701	381379
26	359667	389791	61	368434	381001
27	359992	390082	62	367972	380457
28	360426	390408	63	367491	380006
29	360812	390656	64	366876	379539
30	361348	390938	65	366213	379152
31	362134	391237	66	365593	378887
32	362563	391339	67	364859	378668
33	363181	391436	68	364252	378570
34	364166	391458	69	363582	378544
35	364624	391413			